

Antikva ehf. 2025

Berserkjahraun

Könnunarskurðir vegna framkvæmda

Hermann Jakob Hjartarson



Forsíðumynd: Bæjarstæðið og hluti túnsins fyrir uppgröft

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð og teikningar: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-77-2

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af starfsmönnum Antikva nema annað sé tekið fram.

@ Hermann Jakob Hjartarson og Antikva ehf.

Efnisyfirlit

Abstract	6
Inngangur	7
Fyrri rannsóknir	8
Markmið og kröfur	9
Aðferðir	9
Ljósmyndir	10
Gripir	10
Sýni	10
Dýrabein	10
Berserkjahraun	11
Könnunarskurðir	12
Könnunarskurður 1	14
Könnunarskurður 2	15
Könnunarskurður 3	15
Könnunarskurður 4	15
Könnunarskurður 5	16
Könnunarskurður 6	16
Könnunarskurður 7	17
Könnunarskurður 8	17
Niðurstöður	20
Heimildir	21
Fylgigögn	22
Ljósmyndaskrá	22
Fundaskrá	22

Ljósmyndayfirlit


Mynd 1. Horft yfir túnið, bæjarhólinn og rannsóknarsvæðið í Berserkjahrauni. Ljósmyndina tók Sólrún Inga Traustadóttir / Minjastofnun Íslands.	8
Mynd 2. Ljósmynd af bænum Berserkjahrauni ásamt ábúendum árið 1898. Ljósmynd: Frederick W. W. Howell / sarpur.is.	11
Mynd 3. Bæjarstæðið á Berserkjahrauni 18. júní 1897. Teikning úr Pilgrimage to the Saga-Steads og Iceland, 1899 eftir W.C. Colligwood.....	12
Mynd 4. Staðsetning könnunarskurða og minja í kring.	13
Mynd 5. Könnunarskurðir 1-7 eru rétt austan við endimörk bæjarhólsins.	14
Mynd 6. Norðvesturhorn könnunarskurðar 1. Mannvist var efst í skurðinum.....	14
Mynd 7. Norðvestursnið í könnunarskurði 2.	15
Mynd 8. Suðaustursnið í könnunarskurði 4. Skallinn er 2 m.	15
Mynd 9. Norðvestursnið í könnunarskurði 5.	16
Mynd 10. Austursnið í könnunarskurði 6.....	16
Mynd 11. Austursnið í könnunarskurði 7.....	17
Mynd 12. Könnunarskurður 8; heimreiðin sést til vinstri á myndinni.	18

Kortayfirlit

Kort 1. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu fornleifarannsóknarinnar á landinu.	5
Kort 2. Hér má sjá könnunarskurði frá 1-7.	13
Kort 3. Könnunarskurður 8 var grafinn á svæðinu þar sem heimreiðin var.....	19

Teikningayfirlit

Teikning 1. Sniðteikning af norðaustursniði könnunarskurðar 8. Aðeins var teiknaður sá hluti skurðarins sem innihélt mannvist, á bilinu 2,8-7,3 m.	19
---	----



Kort 1. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu fornleifarannsóknarinnar á landinu.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202509-0027

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2025-61

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í túni Berserkjahrauns voru grafnir átta könnunarskurðir til að kanna hvort fornleifar væri að finna á svæðinu.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Staðsetning: Berserkjahraun,, sveitarfélagið Stykkishólmur.

GPS hnít: A: 315572,497 ; N: 503272,882

Rannsóknartími: 16. október 2025

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson, Antikva ehf.

Fjöldi starfsmanna: 2

Abstract

An archaeological evaluation was carried out at Berserkjahraun, northern Snæfellsnes, in advance of planned construction of a vacation house. Eight test trenches were excavated within the proposed development area. Evidence of human activity was recorded in four of the trenches (1, 4, 7 and 8), while the remaining trenches contained only natural deposits.

Within the main building area (trenches 1–7), thin layers of charcoal and ash were identified, most likely representing field-enrichment deposits or discarded domestic waste from the nearby farm mound. In trench 8, turf layers were uncovered that may relate to visible trackways in the area.

No tephra layers overlay the cultural deposits, and most features were located just below the surface. A single sherd of whiteware pottery, probably dating to the late 19th or early 20th century, was recovered, suggesting that the associated deposits are relatively recent. The investigation indicates limited and late activity at the site, with no evidence of earlier or substantial archaeological remains.

Inngangur

Að beiðni Fannars Þórs Þorfinnssonar hjá EFLU, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að gera forkönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda í túni Berserkjahrauns á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar stendur til að byggja frístundahús og fór Minjastofnun Íslands fram á að teknir væru könnunarskurðir á staðnum fyrir framkvæmdirnar. Jafnframt skyldi meta aldur og gerð þeirra minja sem kynnu að finnast.¹

Minjastofnun Íslands veitti uppgrafarleyfi þann 13. október 2025. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202509-0027 og safnanúmerið 2025-61 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Alls voru grafnir átta skurðir, sjö á svæðinu þar sem húsið á að rísa og einn við bílastæði þar sem heimreið sést á yfirborði.

Rannsóknin fór fram 16. október 2025. Fornleifafræðingar á vettvangi voru Hermann Jakob Hjartarson og Hulda Björk Guðmundsdóttir. Tengiliður við landeigendur var fyrrnefndur Fannar. Guðbjartur Brynjar Friðriksson sá um gröfuvinnu.

Höfundur þakkar öllum sem hafa lagt rannsókninni lið.

¹ Rannsóknarkröfur Minjastofnunar Íslands. Jörð: Berserkjahraun, Stykkishólmi.



Mynd 1. Horft yfir túnið, bæjarhólinn og rannsóknarsvæðið í Berserkjahrauni. Ljósmyndina tók Sólrún Inga Traustadóttir / Minjastofnun Íslands.

Fyrri rannsóknir

Ekki hefur farið fram fornleifaskráning á jörðinni, en fimm friðlýstar minjar eru á jörðinni:

1. „Kirkjutóft Styr“, svo nefnd, uppi á brekkunni fyrir neðan bæinn.
2. Skálatóft (?) mikil á túnjaðrinum við lækinn.
3. Gerði í krika, sem gengur inn í hraunið fyrir vestan lækinn gegnt túninu.
4. Krossrjett, forn fjárrétt neðar í hraunjaðrinum.
5. Berserkjagarður, á landamerkjum í hrauninu milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar.

Sbr. Árb. 1893: 21-22; Árb. 1900: 12. Skjal undirritað af MÞ 12.05.1928. Þinglýst 11.06.1929.²

² Ágúst Ólafur Georgsson, 1990, bls. 14.

Kirkjutóftin og Skálatóftin hafa fengið númerin 1780-500 og 1780-501. Tóftirnar eru báðar í innan við 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Þessar minjar ásamt fleiri minjum hafa verið mældar upp af starfsfólki Minjastofnunar.³

Markmið og kröfur

Að kröfu Minjastofnunar Íslands þurfti að fara fram fornleifarannsókn á staðnum áður en fyrirhugaðar framkvæmdir fara fram:

Fornleifafræðingur skal láta grafa 7 könnunarskurði (um 1x7-8m að stærð) og staðsetning þeirra innan byggingareitsins er ákveðin í samráði við Minjastofnun Íslands. Grafið skal eftir viðurkenndum aðferðum fornleifafræðinnar við gerð könnunarskurða. Notast má við ótennta vélgröfu við gerð skurðanna undir stjórn fornleifafræðings. Teikna og/eða mæla skal öll mannvistarlög í fleti og sniði. Hnitsetja skal alla skurði í Isneti og loftmyndir teknar með flygildi af minjasvæðinu og skurðum með afstöðu til þekktra minja á svæðinu. Túlka skal gerð og hlutverk minja og áætla aldur þeirra. Ef þurfa þykir skal kalla til jarðfræðing með sérþekkingu á gjóskulögum til að greina gjóskulög sem tímasett geta mannvirki og notkunartíma þeirra. Ef engin gjóskulög eru á svæðinu gæti þurft að taka sýni til C14 greininga. Ef minjar koma í ljós við gerð könnunarskurða skal fornleifafræðingur hafa strax samband við Minjastofnun Íslands. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um næstu skref.⁴

Þegar komið var á vettvang hafði Minjastofnun samband við framkvæmdaraðila og fornleifafræðing á vettvangi, og bætti við kröfurnar. Farið var fram á að grafinn yrði einn könnunarskurður í viðbót við bílastæði þar sem eiga að koma lagnir samkvæmt teikningu.

Aðferðir

Við rannsóknina var notuð grafa til að grafa könnunarskurðina. Snið og mannvirki voru ljósmynduð, bæði með dróna og á jörðu niðri.

³ Sjá Minjavefsjá MÍ.

⁴ Rannsóknarkröfur Minjastofnunar Íslands. Jörð: Berserkjahraun, Stykkishólmi.

Könnunarskurðir og einstaka jarðlög voru mæld inn með Trimble TDC150 dm mælitæki. Uppgriftarsvæðið var sett inn í ISN93 hnitakerfið vegna þess að öll skipulagsgögn sem notuð höfðu verið áður af svæðinu voru í því kerfi og eðlilegt er að fornleifarannsóknir séu settar í það. Mæligögnum verður skilað til Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Ljósmyndir

Við fornleifarannsóknina voru teknar stafrænar myndir, vinnumyndir, myndir af jarðlögum, sniðum og af gripum. Á vettvangi voru uppgriftarljósmyndir skráðar á eyðublöð sem hafa verið hönnuð sérstaklega til þess að skrá slíkar myndir. Einnig voru teknar drónamyndir. Teknar uppgriftarmyndir voru alls 191.

Gripir

Alls eru skráð tvö fundanúmer fyrir gripi sem fundust við uppgröftinn. Gripirnir voru ljósmyndaðir og skráðir í *Sarp*, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands.⁵ Skráning gripanna inniheldur upplýsingar um lengd, breidd, þyngd, stutta lýsingu og fundarstað. Þeir eru einnig skráðir með ártali, rannsóknarnúmeri og hlaupandi númeri í *Sarp* og fundaskrá. Gripir frá rannsókninni bera númerið 2025-61-X, en í skýrslunni er notast við styttingu og stendur F-X. Helstu gripaflokkar eru leirker, járn og gler. Ekki er farið í sérstakar greiningar á gripunum sem fundust.

Sýni

Engin sýni voru tekin.

Dýrabein

Engin dýrabein fundust.

⁵ *Sarpur: Menningarsögulegt gangasafn.*


Berserkjahraun



Mynd 2. Ljósmynd af bænum Berserkjahrauni ásamt ábúendum árið 1898. Ljósmynd: Frederick W. W. Howell / sarpur.is.

Fyrsti bóndinn á Berserkjahrauni var Víga-Styrr Þórgrímsson frá Bjarnarhöfn, og jörðin tilheyrði landi Björns austra, sem náði allt að Stafá. Í *Eyrbyggju* er sagt að Styrr hafi látið byggja kirkju á staðnum eftir að kristni var tekin upp, en síðar hafi jörðin orðið hluti af Bjarnarhöfn. Berserkjahraun var eign Helgafellsklosturs á miðöldum. Á jörðinni er landrými með grösugan jarðveg. Hún hafði afmarkað veiðisvæði í Sellvallavatni, svo og selstöðu á Sellvöllum. Seinustu ábúendur voru Guðmundur Sigurðsson og Kristín Pétursdóttir frá 1915 til 1946. Kristín bjó þar áfram til ársins 1952, þegar jörðin lagðist í eyði.⁶

⁶ Byggðir Snæfellsness, 1977.



Mynd 3. Bæjarstæðið á Berserkjahrauni 18. júní 1897. Teikning úr Pilgrimage to the Saga-Steads of Iceland, 1899 eftir W.C. Colligwood.

Könnunarskurðir

Grafnir voru átta könnunarskurðir, sjö skurðir á svæðinu þar sem fyrirhuguð bygging á að vera og einn í heimreið við bílastæðið. Fyrstu sjö skurðirnir eru á svæði sem samkvæmt örnefnaskrá heitir Kolbeinsvöllur.⁷ Þeir eru grafnir í brekku annars vegar og hins vegar á jafnsléttu sitt hvoru megin við brekkuna. Skurðirnir eru rétt við endimörk bæjarhólsins.

⁷ Örnefnaskrá Berserkjahrauns. Þorleifur Jóhannesson, bls. 1.



Mynd 4. Staðsetning könnunarskurða og minja í kring.



Kort 2. Hér má sjá könnunarskurði frá 1-7.



Mynd 5. Könnunarskurðir 1-7 eru rétt austan við endimörk bæjarhólsins.

Könnunarskurður 1

Skurðurinn var 6 x 0,9 m að stærð og lá norðaustur-suðvestur. Grafið var niður á ísaldarruðning. Skurðurinn var að meðaltali um 40 cm á dýpt. Efst í norðvesturenda var mannvist: móaska, brennd bein og kol. Annars voru aðeins náttúruleg jarðlög í skurðinum.



Mynd 6. Norðvesturhorn könnunarskurðar 1. Mannvist var efst í skurðinum.

Könnunarskurður 2

Könnunarskurður 2 var í brekku/halla. Skurðurinn var 7,3 x 0,9 m að stærð og lá norðaustur-suðvestur. Grafið var niður á ísaldarruðning. Skurðurinn var um 75 cm á dýpt. Aðeins voru í honum náttúruleg jarðlög og engir gripir.



Mynd 7. Norðvestursnið í könnunarskurði 2.

Könnunarskurður 3

Könnunarskurður 3 var í brekku/halla. Skurðurinn var 6,3 x 0,9 m að stærð og lá norðaustur-suðvestur. Hann var um 75 cm á dýpt. Grafið var niður á klöpp. Engin mannvist var í skurðinum, aðeins náttúruleg lög.

Könnunarskurður 4

Könnunarskurður 4 var uppi á hæðinni. Hann var 7 x 0,9 m að stærð og lá norðaustur-suðvestur. Skurðurinn var um 0,7 m að dýpt. Móaska og viðarkolaaska voru um 10 cm fyrir neðan yfirborð og torfleifar á um 25 cm dýpi. Einn gripur fannst, hvítleirkersbrot (f-1).



Mynd 8. Suðaustursnið í könnunarskurði 4. Skalin er 2 m.

Könnunarskurður 5

Könnunarskurður 5 var uppi á hæðinni. Hann var 7 x 0,9 m að stærð og lá norðaustur-suðvestur. Grafið var niður á ísaldarruðning/klöpp. Skurðurinn var að meðaltali um 65 cm á dýpt. Aðeins náttúruleg jarðlög voru í honnum og engir gripir.



Mynd 9. Norðvestursnið í könnunarskurði 5.

Könnunarskurður 6

Könnunarskurður 6 var uppi í brekkunni. Hann var 5,6 x 0,9 m að stærð og lá norður-suður. Grafið var niður á ísaldarruðning. Skurðurinn var að meðaltali um 65 cm á dýpt. Aðeins náttúruleg jarðlög voru í skurðinum og engir gripir.



Mynd 10. Austursnið í könnunarskurði 6.

Könnunarskurður 7

Skurðurinn var 6,2 x 0,9 m að stærð og lá norður-suður. Grafið var niður á ísaldarruðning. Skurðurinn var um 50 cm á dýpt. Örlítill móaska var efst í norðvesturenda skurðarins, en annars voru aðeins náttúruleg jarðlög í honum.



Mynd 11. Austursnið í könnunarskurði 7.

Könnunarskurður 8


Könnunarskurður 8 var grafinn þar sem lagnir eiga að koma. Á þessu svæði sést heimreið á yfirborði, en í örnefnaskrá segir frá götu sem liggur suðaustur frá bænum.⁸

⁸ Örnefnaskrá Berserkjahrauns. Þorleifur Jóhannesson, bls. 1.



Mynd 12. Könnunarskurður 8; heimreiðin sést til vinstri á myndinni.

Heimreiðin sést að vísu ekki þar sem skurðurinn var grafinn en er bæði austan og vestan megin við hann. Skurðurinn lá norðvestur-suðaustur. Hann var 9,6 x 0,9 m langur og 50-70 cm djúpur. Torf fannst á einum stað; í sniði var það um 60 x 30 cm að stærð og er þarna mögulega heimreiðin þótt ekki sé hægt að fullyrða hvaða mannvirki þetta er. Einnig fannst önnur mannvist, rauður jarðvegur sem gæti verið torf. Einn gripur fannst, tjaldhæll (F-2) sem líklega er frá seinni hluta 20. aldar.



Teikning 1. Sniðteikning af norðaustursniði könnunarskurðar 8. Aðeins var teiknaður sá hluti skurðarins sem innihélt mannvist, á bilinu 2,8-7,3 m.

Jarðlagalýsing:

- 1) Græsrot
- 2) Áfok, brún mold
- 3) Rautt mannvistarlag, mögulega torf
- 4) Torfleifar
- 5) Gróf mold með smásteinum



Kort 3. Könnunarskurður 8 var grafinn á svæðinu þar sem heimreiðin var.

Niðurstöður

Grafnir voru 8 skurðir á svæðum þar sem framkvæmdir eiga að fara fram. Mannvistarlög komu aðeins fram í fjórum þeirra, skurðum 1, 4, 7 og 8, en í hinum voru einungis náttúruleg jarðlög. Á svæðinu þar sem húsið á að rísa (könnunarskurðir 1-7) voru aðeins þunn lög sem sýndu einhverja mannvist, móaska og kol aðallega. Líklega er þetta áburður sem hefur verið borinn á túnið, eða að þessu hafi verið hent þarna, enda er svæðið stutt frá bæjarhólnum. Í könnunarskurði 8 fundust torfleifar sem gætu verið hluti af heimreið sem sést á yfirborði.

Engin gjóskulög voru yfir mannvistarlögnum, en þau voru flest rétt undir yfirborði. Eitt leirker úr hvítleir fannst sem líklega er frá 19. öld eða frá því snemma á þeirri 20; telja má að mannvistarlögin sem fundust séu frá þeim tíma.

Samkvæmt 22. gr. mml. þarf að gera ráð fyrir að minnsta kosti 15 m friðhelgu svæði í allar áttir umhverfis fornleifar. Til að sneiða hjá óþarfa raski kringum bæjarstæðið er lagt til að framkvæmdum sé haldið frá bæjarhólnum og hann sé girtur af. Annars staðar þarf að lágmarki að virða 15 m fjarlægðarmörk við fornleifar.

Einnig skal hafa í huga að framkvæmdasvæðið er í minna en 100 metra fjarlægð frá friðlýstum minjum (1780-501 og 1780-502). Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra, samkvæmt lögum um menningarminjar. Minjastofnun Íslands ákveður nánar hvernig svæðið er afmarkað og framkvæmdin heimiluð.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Ágúst Ólafur Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: skrá yfir friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd

Berserkjahraun. Ljósmynd frá 1898, tekin af Frederick W. W. Howell. Sótt 21. október 2025 á: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=170233>.

Byggðir Snæfellsness. (1977). Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson (ritnefnd). Búnaðarsamband Snæfellinga.

Túnakort Berserkjahrauns. (1916).

Örnefnaskrá Berserkjahrauns. Þorleifur Jóhannesson skráði.

W.G. Collingwood (1899). *Pilgrimage to the Saga-Steads of Iceland*

Fylgigögn

Ljósmyndaskrá

Fundaskrá

Fundanúmer	1	Safnnúmer	61	Dags.	16.10.2025	Staður	Berserkjahraun
Byggðaheiti	Helgafellssveit	Sveitarfélag	Stykkishólmur	Finnandi	Hermann J. Hjartarson		
Heiti	Leirker	Efni	Hvítleir	Fasi			
Tækni	Leirkeragerð	Aldur frá	1800	Aldur til	1950	Svæði	Skurður [4]
Lengd cm	2,2	Breidd cm	1,8	Hæð cm	0,3	Vigt g	1
						Fjöldi	1
						Brot	1
Teg. mannvirkis		Nr.					
Teg. lags		Nr. lags					
N	503272882	A	315572497				
Z							
Lýsing	Lítið leirkersbrot úr hvítleir. Með hvítum glerungi.						


Fundanúmer	2	Safnnúmer	61	Dags.	16.10.2025	Staður	Berserkjahraun
Byggðaheiti	Helgafellssveit	Sveitarfélag	Stykkishólmur	Finnandi	Hermann J. Hjartarson		
Heiti	Tjaldhæll	Efni	Járn	Fasi			
Tækni		Aldur frá	1950	Aldur til	1980	Svæði	Skurður [8]
Lengd cm	15,5	Breidd cm	3	Hæð cm	1	Vigt g	76
						Fjöldi	1
						Brot	
Teg. mannvirkis		Nr.					
Teg. lags		Nr. lags					
N	503292.901	A	315603.077				
Z							
Lýsing	Langt og kúpt jár. Líklega tjaldhæll frá seinni hluta 20. aldar.						

ANTIKA EHF. 2025

Ljósmyndaskrá

Berserkjähraun

Mynd Nr.	Mynd ID.	Svæði	Jarðлага nr og tegund	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
2025-61-1	IMG_1885	K1	Vinnumynd	Verið að opna könnunarskurð 1	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-2	IMG_1886	K1	Vinnumynd	Verið að opna könnunarskurð 1	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-3	IMG_1887	K1	Vinnumynd	Verið að opna könnunarskurð 1	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-4	IMG_1888	K1	Vinnumynd	Hermann að skoða efstu lög í K1	N	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-5	IMG_1889	K1	Vinnumynd	Hermann að skoða efstu lög í K1	N	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-6	IMG_1890	K2	Vinnumynd	Verið að grafa K1	N	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-7	IMG_1891	K2		Svæðið þar sem K2 var grafinn, fyrir uppgröft	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-8	IMG_1892	K1	Vinnumynd	Svæðið þar sem K2 var grafinn, fyrir uppgröft	S	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-9	IMG_1893	K1	Vinnumynd	Hulda að fylgjast með gröfunni grafa K1			10/16/2025	Canon EOS
2025-61-10	IMG_1894	K2		Grafan búin að grafa K2	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-11	IMG_1895	K3		Svæðið þar sem K3 var grafinn, fyrir uppgröf	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-12	IMG_1896	K3		Svæðið þar sem K3 var grafinn, fyrir uppgröf	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-13	IMG_1897	K1		Hestar kaktu í heimsókn	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-14	IMG_1898	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-15	IMG_1899	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-16	IMG_1900	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-17	IMG_1901	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-18	IMG_1902	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-19	IMG_1903	K1		Norðvestursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-20	IMG_1904	K1		Norðursnið könnunarskurður 1	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-21	IMG_1905	K1		Könnunarskurður 1, hestur í heimsókn	NA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-22	IMG_1906	K1		Suðvestur snið, þunnt móðskulag, brennd bein og kol	SV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-23	IMG_1907	K1		Suðvestur snið, þunnt móðskulag, brennd bein og kol	SV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-24	IMG_1908	K4		Svæðið þar sem K4 var grafinn, fyrir uppgröft	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-25	IMG_1909	K4		Svæðið þar sem K4 var grafinn, fyrir uppgröft	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-26	IMG_1910	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-27	IMG_1911	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-28	IMG_1912	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-29	IMG_1913	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-30	IMG_1914	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin. 10 cm skali	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-31	IMG_1915	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin. 10 cm skali	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-32	IMG_1916	K4		SA-snið. Torfleifar vestan megin og móðskulinsur efst austan megin. 10 cm skali	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-33	IMG_1917	K1		NV-snið. Móaska efst til vinstri.	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-34	IMG_1918	K1		NV-snið. Móaska efst til vinstri.	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-35	IMG_1919	K2		Norðurvestursnið, könnunarskurður 2	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-36	IMG_1920	K7		Móaska að koma í ljós	N	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-37	IMG_1921	K7		Móaska að koma í ljós	N	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-38	IMG_1922	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-39	IMG_1923	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-40	IMG_1924	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-41	IMG_1925	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-42	IMG_1926	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-43	IMG_1927	K2		Könnunarskurður 2, norðurvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-44	IMG_1928	K7		Grafan að grafa K7, Hermann að fylgjast með.	V	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-45	IMG_1929	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-46	IMG_1930	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-47	IMG_1931	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-48	IMG_1932	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-49	IMG_1933	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-50	IMG_1934	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-51	IMG_1935	K3		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-52	IMG_1936	K8		Verið að byrja á könnunarskurði 8	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-53	IMG_1937	K8		Verið að byrja á könnunarskurði 8	V	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-54	IMG_1938	K8		Verið að byrja á könnunarskurði 8	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-55	IMG_1939	K8		Verið að byrja á könnunarskurði 8	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-56	IMG_1940	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-57	IMG_1941	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-58	IMG_1942	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-59	IMG_1943	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-60	IMG_1944	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS





Berserkjahraun
2025-61-031



Berserkjahraun
2025-61-032



Berserkjahraun
2025-61-033



Berserkjahraun
2025-61-034



Berserkjahraun
2025-61-035



Berserkjahraun
2025-61-036




Berserkjahraun
2025-61-037



Berserkjahraun
2025-61-038



Berserkjahraun
2025-61-039



Berserkjahraun
2025-61-040



Berserkjahraun
2025-61-041



Berserkjahraun
2025-61-042



Berserkjahraun
2025-61-043



Berserkjahraun
2025-61-044



Berserkjahraun
2025-61-045



Berserkjahraun
2025-61-046



Berserkjahraun
2025-61-047



Berserkjahraun
2025-61-048



Berserkjahraun
2025-61-049



Berserkjahraun
2025-61-050



Berserkjahraun
2025-61-051



Berserkjahraun
2025-61-052



Berserkjahraun
2025-61-053



Berserkjahraun
2025-61-054



Berserkjahraun
2025-61-055



Berserkjahraun
2025-61-056



Berserkjahraun
2025-61-057



Berserkjahraun
2025-61-058



Berserkjahraun
2025-61-059



Berserkjahraun
2025-61-060

Mynd Nr.	Mynd ID.	Svæði	Jarðlaga nr og tegund	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
2025-61-61	IMG_1945	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-62	IMG_1946	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-63	IMG_1947	K4		SA-snið. Móðskulinsa og smá torf	SA	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-64	IMG_1948	K4		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-65	IMG_1949	K4		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-66	IMG_1950	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-67	IMG_1951	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-68	IMG_1952	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-69	IMG_1953	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-70	IMG_1954	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-71	IMG_1955	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-72	IMG_1956	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-73	IMG_1957	K5		Norðvestursnið	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-74	IMG_1958	K6		Austursnið	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-75	IMG_1959	K6		Austursnið	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-76	IMG_1960	K6		Austursnið	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-77	IMG_1961	K6		Austursnið	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-78	IMG_1962	K6		Austursnið	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-79	IMG_1963	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðvestanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-80	IMG_1964	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðvestanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-81	IMG_1965	K8	Torf	Torf suðvestanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-82	IMG_1966	K8	Torf	Torf suðvestanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-83	IMG_1967	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-84	IMG_1968	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-85	IMG_1969	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-86	IMG_1970	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-87	IMG_1971	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-88	IMG_1972	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-89	IMG_1973	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-90	IMG_1974	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-91	IMG_1975	K8		Yfirlit yfir K8	N	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-92	IMG_1976	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-93	IMG_1977	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-94	IMG_1978	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-95	IMG_1979	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-96	IMG_1980	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-97	IMG_1981	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-98	IMG_1982	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-99	IMG_1983	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-100	IMG_1984	K8		Norðaustursnið	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-101	IMG_1985	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-102	IMG_1986	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-103	IMG_1987	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-104	IMG_1988	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-105	IMG_1989	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-106	IMG_1990	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-107	IMG_1991	K7		Austursnið	A	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-108	IMG_1992	K1		Yfirlit yfir könnunarskurð	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-109	IMG_1993	K2		Yfirlit yfir könnunarskurð	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-110	IMG_1994	K3		Yfirlit yfir könnunarskurð	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-111	IMG_1995	K4		Yfirlit yfir könnunarskurð	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-112	IMG_1996	K5		Yfirlit yfir könnunarskurð	NA	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-113	IMG_1997	K6		Yfirlit yfir könnunarskurð	NV	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-114	IMG_1998	K7		Yfirlit yfir könnunarskurð	NV	HJH	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-115	IMG_1999	K8		Heimreið/traðir	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-116	IMG_2000	K8		Heimreið/Traðir, Hermann að mæla þær	V	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-117	IMG_2001	K8		Heimreið/Traðir, Hermann að mæla þær	V	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-118	IMG_2002	K8		Heimreið/traðir	A	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-119	IMG_2003	K8		Heimreið/traðir	NV	HBGK	10/16/2025	Canon EOS
2025-61-120	IMG_2004			Bæjarhöll	V	HBGK	10/16/2025	Canon EOS



Berserkjahraun
2025-61-061



Berserkjahraun
2025-61-062



Berserkjahraun
2025-61-063



Berserkjahraun
2025-61-064



Berserkjahraun
2025-61-065



Berserkjahraun
2025-61-066



Berserkjahraun
2025-61-067



Berserkjahraun
2025-61-068



Berserkjahraun
2025-61-069



Berserkjahraun
2025-61-070



Berserkjahraun
2025-61-071



Berserkjahraun
2025-61-072



Berserkjahraun
2025-61-073



Berserkjahraun
2025-61-074



Berserkjahraun
2025-61-075



Berserkjahraun
2025-61-076




Berserkjahraun
2025-61-077



Berserkjahraun
2025-61-078



Berserkjahraun
2025-61-079



Berserkjahraun
2025-61-080



Berserkjahraun
2025-61-081



Berserkjahraun
2025-61-082



Berserkjahraun
2025-61-083



Berserkjahraun
2025-61-084



Berserkjahraun
2025-61-085



Berserkjahraun
2025-61-086



Berserkjahraun
2025-61-087



Berserkjahraun
2025-61-088



Berserkjahraun
2025-61-089



Berserkjahraun
2025-61-090



Berserkjahraun
2025-61-091



Berserkjahraun
2025-61-092



Berserkjahraun
2025-61-093



Berserkjahraun
2025-61-094



Berserkjahraun
2025-61-095



Berserkjahraun
2025-61-096



Berserkjahraun
2025-61-097



Berserkjahraun
2025-61-098



Berserkjahraun
2025-61-099



Berserkjahraun
2025-61-100



Berserkjahraun
2025-61-101



Berserkjahraun
2025-61-102



Berserkjahraun
2025-61-103



Berserkjahraun
2025-61-104



Berserkjahraun
2025-61-105



Berserkjahraun
2025-61-106



Berserkjahraun
2025-61-107



Berserkjahraun
2025-61-108



Berserkjahraun
2025-61-109



Berserkjahraun
2025-61-110



Berserkjahraun
2025-61-111



Berserkjahraun
2025-61-112




Berserkjahraun
2025-61-113




Berserkjahraun
2025-61-114




Berserkjahraun
2025-61-115



Berserkjahraun
2025-61-116



Berserkjahraun
2025-61-117



Berserkjahraun
2025-61-118



Berserkjahraun
2025-61-119



Berserkjahraun
2025-61-120

Mynd Nr.	Mynd ID.	Svæði	Jarðlaga nr og tegund	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
2025-61-121	IMG_0371	K4		Svæðið þar sem K4 var grafinn, fyrir uppgroft	A	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-122	IMG_0372	K4		Svæðið þar sem K4 var grafinn, fyrir uppgroft	A	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-123	IMG_0373	K4		Svæðið þar sem K4 var grafinn, fyrir uppgroft	A	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-124	IMG_0375			Yfirlit K1-K4	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-125	IMG_0376			Yfirlit K1-K4	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-126	IMG_0378	K2		Jarðlög í norðvestursniði	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-127	IMG_0379	K2		Jarðlög í norðvestursniði	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-128	IMG_0380	K2		Jarðlög í norðvestursniði	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-129	IMG_0381	K2		Jarðlög í norðvestursniði	NV	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-130	IMG_0382			Seinast bærinn á jörðinni	S	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-131	IMG_0383			Seinast bærinn á jörðinni	A	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-132	IMG_0385	K8	Torf	Torf sunnanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-133	IMG_0389	K8	Torf	Torf sunnanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-134	IMG_0390	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-135	IMG_0391	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-136	IMG_0392	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-137	IMG_0393	K8	Rautt lag	Rautt lag (torf?) norðanlega í NA-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16
2025-61-138	IMG_0394	K8	Torf	Torf sunnanlega í N A-sniði	NA	HJH	10/16/2025	iPhone 16



Berserkjahraun
2025-61-121



Berserkjahraun
2025-61-122



Berserkjahraun
2025-61-123



Berserkjahraun
2025-61-124



Berserkjahraun
2025-61-125



Berserkjahraun
2025-61-126



Berserkjahraun
2025-61-127



Berserkjahraun
2025-61-128



Berserkjahraun
2025-61-129




Berserkjahraun
2025-61-130




Berserkjahraun
2025-61-131



Berserkjahraun
2025-61-132



Berserkjahraun
2025-61-133



Berserkjahraun
2025-61-134



Berserkjahraun
2025-61-135



Berserkjahraun
2025-61-136



Berserkjahraun
2025-61-137



Berserkjahraun
2025-61-138


Mynd Nr.	Mynd ID.	Svæði	Jarðлага nr og tegund	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
2025-61-139	DJI_0716			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-140	DJI_0717			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-141	DJI_0718			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-142	DJI_0719			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-143	DJI_0720			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-144	DJI_0721			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-145	DJI_0722			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-146	DJI_0723			Uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-147	DJI_0724			Uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-148	DJI_0725			Uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-149	DJI_0726			Uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-150	DJI_0727			Meint skálatóft og meint kirkjutóft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-151	DJI_0728			Meint skálatóft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-152	DJI_0729			Meint skálatóft		HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-153	DJI_0730			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-154	DJI_0731			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-155	DJI_0732			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-156	DJI_0733			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-157	DJI_0734			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-158	DJI_0735			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-159	DJI_0736			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-160	DJI_0737			Yfirlit af túninu	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-161	DJI_0738			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-162	DJI_0739			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-163	DJI_0740			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-164	DJI_0741			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-165	DJI_0742			Yfirlit af túninu	A	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-166	DJI_0743			Bæjarhóll og uppgraftarsvæðið fyrir uppgröft	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-167	DJI_0744			Bæjarhóll og tóftir	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-168	DJI_0745			Bæjarhóll og tóftir	SA	HBGK	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-169	DJI_0746	K1-K7		Könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft	V	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-170	DJI_0747	K1-K7		Könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-171	DJI_0748	K1-K7		Könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-172	DJI_0749	K1-K7		Könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-173	DJI_0750			Könnunarskurðir eftir uppgröft K1, K2, K3, K4, K8		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-174	DJI_0751	K1-K8		Allir könnunarskurðir eftir uppgröft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-175	DJI_0752	K1-K8		Allir könnunarskurðir eftir uppgröft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-176	DJI_0753			Meint skálatóft og aðrar minjar		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-177	DJI_0754			Meint skálatóft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-178	DJI_0755			Meint skálatóft		HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-179	DJI_0756			Meint skálatóft og meint kirkjutóft	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-180	DJI_0757	K1-K8		Allir könnunarskurðir eftir uppgröft	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-181	DJI_0758	K8		Könnunarskurður 8 eftir uppgröft og traðir/heimreið	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-182	DJI_0759	K8		Könnunarskurður 8 eftir uppgröft og traðir/heimreið	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-183	DJI_0760	K8		Könnunarskurður 8 eftir uppgröft og traðir/heimreið	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-184	DJI_0761	K1-K7		Könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft	V	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-185	DJI_0762	K1-K7		Bæjarhóll og könnunarskurðir 1-7 eftir uppgröft	SV	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-186	DJI_0763	K8		Könnunarskurður 8 eftir uppgröft og traðir/heimreið	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-187	DJI_0764			Seinasti bærin á jörðinni	S	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-188	DJI_0765			Tóftir á bæjarhól	A	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-189	DJI_0766			Bæjarhóll og könnunarskurðir	N	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-190	DJI_0767			Meint kirkjutóft	V	HJH	10/16/2025	DJI dróni
2025-61-191	DJI_0768			Meint kirkjutóft		HJH	10/16/2025	DJI dróni




Berserkjahraun
2025-61-139



Berserkjahraun
2025-61-140




Berserkjahraun
2025-61-141



Berserkjahraun
2025-61-142



Berserkjahraun
2025-61-143



Berserkjahraun
2025-61-144



Berserkjahraun
2025-61-145



Berserkjahraun
2025-61-146



Berserkjahraun
2025-61-147



Berserkjahraun
2025-61-148



Berserkjahraun
2025-61-149



Berserkjahraun
2025-61-150




Berserkjahraun
2025-61-151




Berserkjahraun
2025-61-152



Berserkjahraun
2025-61-153



Berserkjahraun
2025-61-154



Berserkjahraun
2025-61-155



Berserkjahraun
2025-61-156



Berserkjahraun
2025-61-157



Berserkjahraun
2025-61-158



Berserkjahraun
2025-61-159



Berserkjahraun
2025-61-160



Berserkjahraun
2025-61-161



Berserkjahraun
2025-61-162



Berserkjahraun
2025-61-163



Berserkjahraun
2025-61-164



Berserkjahraun
2025-61-165



Berserkjahraun
2025-61-166



Berserkjahraun
2025-61-167



Berserkjahraun
2025-61-168



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2




Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2



Berserkjahraun 2